



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 130/1108

komudagur 24.2.2004

Nefndarsvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2004

**Umsögn: Þingsályktun um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum,
114. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum, 114. mál.

Ljóst er að efni tillögunnar gengur í veigamiklum atriðum gegn þeirri afstöðu sem Alþýðusamband Íslands hefur mótað sér í Evrópumáium. Hér nægir að vísa til efni tillögunnar, þar sem segir:

„Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.“

Um framangreint atriði segir m.a. í samþykktum frá ársfundi ASÍ 2002:

„Viðfangsefni Alþýðusambands Íslands er að leggja mat á kosti og galla þess hvort ná eigi framangreindum markmiðum með frekari þróun EES samningsins, eða umsókn um aðild að ESB. ASÍ telur útilokað að hægt verði að ná þessum markmiðum með tvíhliða viðskiptasamningi án félagslegra ákvæða.“

Í ljósi framanritaðs getur Alþýðusamband Íslands ekki stutt framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllt,
F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ